

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *35.fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 12. apríl 2012, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2011, fyrri umræða.
3. Fundargerð Skólanefndar dags. 12. mars.
4. Aðild Skútustaðahrepps að íslenska jarðvarmaklasanum.
5. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 28. mars.
6. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 29. feb.
7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 26. mars.
8. Umhverfisstefna Skútustaðahrepps.
9. Fulltrúi á aðalfund Tækifæris 16. apríl.
10. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga, 220. mál.
11. Erindi frá HSP v/Landsmóts UMFÍ 50+.
12. Styrkumsókn frá karlakórnum Hreim.
13. Mý-sköpun.
14. Samningur um búfjáreftirlit BSSP.

Til kynningar:

- Bréf frá Iðnaðarráðuneyti dags. 23. mars.
- Bréf frá HSP dags. 2. apríl.
- Fundargerð stjórnar Da. dags. 6. mars.
- Fundargerð stjórnar Da. dags 3. apríl.
- Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. dags. 24. feb.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 13 og 14 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2011, fyrri umræða.

Til fundarins mætti Arnar Árnason, endurskoðandi og fór yfir ársreikninginn. Að lokinni yfirferð var ársreikningnum vísað til síðari umræðu.

3. Fundargerð Skólanefndar dags. 12. mars.

Í öðrum lið fundargerðarinnar segir frá því að skólastjóri hafi kynnt samstarfsverkefni milli Reykjahlíðarskóla, Borgarholtsskóla og Raufarhafnarskóla sem gengur út á að nemendur fari á milli skóla á vorin og vinni verkefni á hverjum stað. Síðan segir frá þátttöku skólans í skólahreysti, Laugamóti upplestrarkeppni og fl. Þá er og farið yfir skólaakstur næsta skólaárs en skoða þarf breytingar á honum frá því sem nú er.

Í þriðja lið er farið yfir málefni leikskólans og gerði leikskólastjóri grein fyrir fundi sem hún, formaður skólanefndar, Hulda Harðardóttir og sveitarstjóri áttu vegna sumarlokunar leikskólans. Á þeim fundi var ákveðið að kanna hvaða börn væru í brýnni þörf fyrir vistun þann tíma sem lokun stæði yfir. Send voru bréf til 14 foreldra vegna 20 barna, af þeim eru 5 börn sem þyrftu aukna vistun. Skólanefnd vonast til þess að hægt sé að koma til móts við óskir foreldranna með einhverjum hætti .

Í fjórða lið er farið yfir málefni tónlistarskólans og fram kom hjá tónlistarskólastjóra að ekki tækist að fylla kennsluskyldu tónlistarskólastjórans pr. viku. Sá tími sem ekki er nýttur til einkakennslu hefur verið nýttur í leikskólanum. Umræður urðu um framhaldið hvað ætti að bjóða uppá og hvort fara ætti í aukið samstarf með nágrannasveitarfélögunum. Skólanefnd leggur til að tekin verði upp aftur blokkflautukennsla í yngsta kennsluhópi grunnskólans a.m.k. eina kennslustund á viku. Einnig leggur nefndin til að farið verði í aukið samstarf við nágrannasveitarfélögin með kennaraskiptum milli skóla.

Sveitarstjórn er nú þegar að kanna aukið samstarf við nágrannasveitarfélögin vegna tónlistarskólans. Á meðan á þeirri vinnu stendur verður ekki tekin afstaða til tillögu Skólanefndar um blokkflautukennslu í yngsta kennsluhópi grunnskólans.

Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

4. Aðild Skútustaðahrepps að íslenska jarðvarmaklasanum.

Oddviti kynnti málið, að öðru leyti frestar sveitarstjórn afgreiðslu til næsta fundar.

5. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 28. mars.

Í öðrum lið fundargerðarinnar var rætt um breytt form á styrkveitingum og mun nefndin leggja fram tillögu að úthlutunarreglum vegna þeirra.

Í þriðja lið fundargerðarinnar er farið yfir samning sveitarfélagsins við félag eldri Mývetninga. Vegna endurtekinnar óánægju félagsins með framkvæmd samningsins leggur nefndin til við sveitarstjórn að honum verði sagt upp.

Sveitarstjórn samþykkti fundargerð Félags- og menningarmálanefndar með tölvupósti 29. mars s.l. og staðfestist það hér með.

6. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 29. feb.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar segir frá því að nefndin samþykki að fela skipulagsfulltrúa að vinna tillögu að umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið og leggja fyrir næsta fund.

Í öðrum lið kemur fram að ræddar hafi verið hugmyndir um endurskoðun á landnýtingu á svæðinu á milli þéttbýlisins í Reykjahlíð og fyrrverandi athafnasvæðis Kísiliðjunnar, einkum með það að í huga að gefa ferðaþjónustuaðilum og jafnvel fleiri aðilum kost á lóðum/athafnasvæðum undir starfsemi sína. Samþykkt að fara yfir þessar hugmyndir með skipulagshöfundi á næsta fundi, áður en vinnu við aðalskipulagið verði lokið. Þá bendir nefndin á nauðsyn þess að samhliða aðalskipulagsvinnunni verði fyrirbyggjandi deiliskipulagsdrög af þéttbýlinu í Reykjahlíð tekin til endurskoðunar.

Fundargerðin þarfnast ekki ályktunar við.

7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 26. mars.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi frá Garðari Finnssyni, þar sem hann sækir um lóð nr. 11 við Múlaveg til að reisa þar 70 m² hús úr timbri. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að verða við erindinu. Þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir þarf væntanleg að grenndarkynna erindið. Við fyrirhugaða deiliskipulagsgerð þarf jafnframt að endurskoða núverandi lóðarmörk húsa við götuna.

Í öðrum lið segir frá því að Árni Ólafsson arkitekt hafi mætt til fundarins m.a. til viðræðna um skipulagsráðgjöf vegna deiliskipulags þéttbýlisins í Reykjahlíð. Fram kom að Árni telur sig ekki geta unnið þetta verkefni á ásættanlegum tíma að mati nefndarinnar og leggur hún því til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið í samráði við sveitarstjóra að leita eftir samningum við aðra aðila sem geta skilað verkinu á skemmri tíma.

Í þriðja lið er farið yfir drög að umhverfisstefnu Skútustaðahrepps og skipulagsfulltrúa falið að fullgera drögin í samræmi við umræður á fundinum og senda síðan sveitarstjórn til afgreiðslu.

Í fjórða lið er farið fyrir aðalskipulagið og fram kom að skipulagshöfundar munu skila af sér gögnum til umsagnaraðila innan fárra daga. Nefndin leggur áherslu á að vinnu við aðalskipulagið verði hraðað eins og kostur er þar sem stefnt er að gildistöku þess á haustdögum 2012.

Í fimmta lið segir frá því að Kári Þorgrímsson hafi mætt til fundarins og farið yfir óskir sínar um breytingu á drögum að aðalskipulaginu sem nú liggur fyrir og varða jörð hans, Garð. Landsvæðið sem um ræðir verði leyst úr landbúnaðarlotum og skilgreint sem athafnasvæði með tengdri búsetu. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að verða við erindinu.

Í sjötta lið kemur fram að borist hafi tvær umsagnir annars vegar frá Skipulagsstofnun og hins vegar frá Umhverfisstofnun, vegna skipulagslýsingar á verslunar- og þjónustusvæði í landi Arnarvatns.

Sveitarstjórn samþykkir fyrsta, annan og fimmta lið fundargerðarinnar. Rétt er þó að taka fram að áður en hægt er að leysa land úr landbúnaðarlotum þarf viðkomandi að skila inn þinglýsingarvottorði. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

8. Umhverfisstefna Skútustaðahrepps.

Fyrir fundinum liggur umhverfisstefna unnin af Skipulags- og umhverfisnefnd. Sveitarstjórn samþykkir stefnuna með smávægilegum orðalagsbreytingu þ.e. að 12 grein komi til með að hljóða svo „Lögd verður áhersla á skoðanaskipti um

umhverfismál og á greiða miðlun upplýsinga um stöðu umhverfismála innan sveitarfélagsins og birta reglulega skýrslu um þróun þeirra“.

9. Fulltrúi á aðalfund Tækifæris 16. apríl.

Engin sveitarstjórnarmaður á heimangengt á boðuðum fundartíma en óskað verður eftir ársreikningi félagsins.

10. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga, 220. mál.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir enga athugasemd við framkomna tillögu.

11. Erindi frá HSP v/Landsmóts UMFÍ 50+.

Með bréfi dags. 16. mars óskar HSP eftir samþykki og samstarfi við sveitarfélög innan svæðis Héraðssambands Þingeyinga við umsókn sambandsins um 4. Landsmót UMFÍ 50+ á 100 ára afmælisári HSP 2014.

Sveitarstjórn lýsir yfir stuðningi við umsókn HSP til að halda 4. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2014.

12. Styrkumsókn frá karlakórnum Hreim.

Með bréfi óskar karlakórinn Hreimur eftir stuðningi sveitarfélagsins við fyrirhugaða tónleikaferð kórsins til Vestfjarða.

Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 25. þús.

13. Mý-sköpun.

Fyrir fundinum liggur fundargerð dags. 23. mars s.l. frá samráðshóp um nýtingu afgangsvarma í Mývatnssveit. Í fundargerðinni kemur m.a. fram að Nýsköpunarmiðstöð hefur samþykkt 2,5 millj. kr. styrk til verkefnisins gegn jafnháu mótframlagi. Sveitarstjórn þakkar Nýsköpunarmiðstöð fyrir stuðninginn bæði fjárhagslegan og í formi vinnuframlags.

Sveitarstjórn samþykkir að áfram verði unnað að fjármögnun mótframlagsins.

14. Samningur um búfjárefirlit BSSP.

Sveitarstjórn hafði samþykkt endurskoðun á fjárhagshluta samningsins um búfjárefirlit við BSSP. Fyrir fundinum liggur endurskoðaður samningur.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson.